

**Ed.**

## **142. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 41 27. júní 1921, um breyting á 1. gr. tolllaga, nr. 54 11. júlí 1911.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Fyrir 4., 6., 7., 12., 13. og 14. lið 1. gr. laganna komi:

4. a. af rauðvíni kr. 1,00 af hverjum lítra.  
b. af ávaxtasafa, súrum berjasafa og öðrum slikum drykkjum, sem ekki eru taldir í öðrum liðum, kr. 1,50 af hverjum lítra.
6. a. af óunnu tóbaki 4 kr. af hverju kg.  
b. af allskonar unnu tóbaki, neftóbaki, munntóbaki og reyktóbaki, kr. 6,40 af hverju kg.
7. a. af tóbaksvindlum 16 kr. af hverju kg.  
b. af vindlingum (sigarettum) kr. 14,40 af hverju kg. Vindlingarnir skulu tollaðir að meðtöldum pappirnum, öskjum og dósnum, sem þeir eru seldir í.
12. a. af öllum tegundum af suðusúkkulaði og iðnsúkkulaði kr. 1,50 af hverju kg.  
b. af kakaódeigi kr. 1,00 af hverju kg.
13. a. af kakaódufti 50 au. af hverju kg.  
b. af kakaóbaunum brenndum, muldum og ómuldum 50 au. af hverju kg.  
c. af kakaóbaunum óbrenndum og ómuldum 35 au. af hverju kg.
14. Af öllum tegundum af brjóstssykri, konfektí, átsúkkulaði og sykruðum ávöxtum kr. 3,00 af hverju kg.

Verði ágreiningur um flokkun framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

### **2. gr.**

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1935 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af þeim vörum, sem taldar eru í 1. gr. laga þessara.

### **3. gr.**

Lög nr. 48 27. júní 1925 og lög nr. 116 19. desember 1933 eru úr gildi numin.

### **4. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935.